

Ed.

505. Frumvarp til laga

[271. mál]

um fjarnám ríkisins.

Flm.: Guðrún J. Halldórsdóttir.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til fjarnáms á efri hluta grunnskólastigs, framhaldsskólastigi og starfsnámsvettvangi.

2. gr.

Fjarnám, sem kostað er af almannafé, lýtur samræmdu skipulagi skv. lögum þessum.

II. KAFLI

Markmið.

3. gr.

Markmið laga þessara er að bæta og jafna aðstöðu fólks til náms óháð búsetu, aldri, efnahag og ferligetu, svo og að samhæfa og virkja alla tiltæka miðla til fræðslu, svo sem hljóðvarp, sjónvarp, myndbönd, bréfafræðslu og kennslu í fræðslustöðvum og á nám-skeiðum.

III. KAFLI Þáttökuskilyrði.

4. gr.

Allir þeir, sem eru ofar skólaskyldualdri, eiga rétt á þátttöku í fjarnámi, svo og þeir á skólaskyldualdri sem vegna ytri aðstæðna eða persónulegra ástæðna verða að nýta sér fjarnám fremur en samfellda skólasetu eða sem viðauka og uppbót á það skólanám sem í boði er á heimaslóðum nemenda.

IV. KAFLI Náms- og fræðsluskipan.

5. gr.

Námið fer fram:

- a. í heimahúsum,
- b. í fræðslustöðvum úti í fræðsluumdæmum,
- c. á námskeiðum sem haldin eru í skólaföngum.

6. gr.

Námsefni er:

- a. almennar kjarnagreinar, svo sem íslenska, stærðfræði, danska, enska;
- b. námsgreinar sem erfitt er að veita kennslu í á fámennari stöðum, svo sem raungreinar, sænska og norska;
- c. námsefni handa ófaglærðu fólki til fræðslu sem samkvæmt kjarasamningum eða ákvörðun stjórnvalda á að vera í boði.

7. gr.

Miðlun fræðslunnar fer fram með bókum, bréfum, útsendingum í hljóðvarpi og sjónvarpi, á mynd- og segulböndum, í fræðslustöðvum og með stuttum námskeiðum þar sem bein kennsla og þjálfun fer fram.

8. gr.

Námsmat, þ.e. próf og vitnisburðir, í fjarnámi, skal jafngilt námsmati samsvarandi náms í hinu almenna skólakerfi.

V. KAFLI Stjórn og samstarfsaðilar.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn fjarnáms ríkisins sem heyrir skipulagslega undir skólamálastofnu ráðuneytisins. Við framkvæmd þessara laga ber ráðuneytinu að hafa sem víðtækast samráð við þá aðila í landinu sem hagsmuna hafa að gæta í því sambandi. Heimilt er að setja á stofn sérstakar samstarfs- og samráðsnefndir í þessu skyni. Nánar skal kveðið á um slíkt í reglugerð.

VI. KAFLI Starfslið og dagleg framkvæmd.

10. gr.

Dagleg stjórn og framkvæmd verður í höndum starfsfólks í miðstöð fjarnáms ríkisins. Þar skulu starfa fjarnámsstjóri og fagstjórar sem hafa það hlutverk, í samstarfi við skólamálastofnu menntamálaráðuneytisins, að annast skipulagningu starfsins og samhæfingu þeirrar fræðslu sem í boði er. Auk þess hafa þeir beina fræðslu með höndum. Miðstöð fjarnáms ríkisins starfar í nánú samstarfi við Námsgagnastofnun, Ríkisútvarp, bréfaskóla, svo og fræðslustöðvar og fræðslustjóra í fræðsluumdæmum.

VII. KAFLI

Fjármál.

11. gr.

Þar til sett hefur verið ný löggjöf um framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu fer um fjármál fjarnáms ríkisins eftir ákvæðum laga, reglugerða og samninga um einstakar tegundir náms og fræðslu á grunnskóla- og framhaldsskólástigi og í starfsnámi.

VIII. KAFLI

Reglugerðir, gildistaka og undirbúningur að framkvæmd laganna.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð eða reglugerðum um framkvæmd laganna. Við samningu reglugerða skal kveðja til fulltrúa sem flestra þeirra er hagsmuna eiga að gæta við framkvæmd laganna.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins fljótt og auðið er að dómi menntamálaráðuneytisins og eigi síðar en að 5 árum liðum.

14. gr.

Þegar lög þessi hafa verið í framkvæmd í 5 ár skulu þau endurskoðuð og þeim breytt í ljósi þeirrar reynslu sem áunnist hefur.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu um fjarnám ríkisins er ekki ætlað að leysa af hólmi stofnanir sem fræðslu stunda í landinu og hafa haldið uppi fjarnámi eða fullorðinsfræðslu í einhverri mynd, heldur er því ætlað að efla og örva samstarf þeirra og fylla upp í þau skörð sem kunna að vera í framboði náms og fræðslu.

Hverri þjóð, sem vill kenna sig við menningu og framfarir, er þörf á því að halda uppi fjölbreyttri fræðslu fyrir þegna sína. Því betri sem grunnfræðslan er þeim mun líklegra er að háu marki verði náð á efri stigum skólakerfisins. Þess vegna fjallar frumvarpið um fjarnám á undirstöðustigum menntunar, bæði almennrar og verklegrar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með heitinu fjarnám er átt við fræðslu og nám þar sem þeir, sem námið iðka, hafa aðsetur fjarri þeim sem skipuleggja og veita fræðsluna.

Víða úti um land eiga skólar í erfiðleikum með að veita þá fræðslu sem óskað er vegna fámennis eða kennaraeklu. Við slíkar aðstæður mun fjarnám og fjarfræðsla koma skólum og nemendum á grunnskóla- og framhaldsskólástigi að góðum notum, einnig sem viðbót við kennslu í einstökum kennslugreinum.

Margir nemendur búa svo afskekkt að þeir verða að dveljast langdvölum að heiman til að fá almenna skólafræðslu. Fjarnám og fjarfræðsla gæti stýtt þeim dvölinu að heiman og lækkað námskostnað þeirra til muna.

Ekki síst mundi fjarnám koma fullorðnum að gagni þar eð þeir eiga enn erfiðara um vik að sækja nám fjarri heimaslóðum en ungmennin. Vaktavinnufólk og fólk með skerta ferligetu mundi með fjarnámi fá mjög bættu aðstöðu til náms.

Í greininni er einnig rætt um starfsnám. Þar er átt við starfsnám ófaglærðs starfsfólks í mörgum greinum, ekki síst í höfuð- og undirstöðuáttvinnuvegum þjóðarinnar, en þar er um lítt plægðan akur að ræða og brýnt að úr verði bætt hið fyrsta.

Í annan stað er mikill skortur á starfsnámi fyrir ófaglært fólk í umönnunarstörfum sem unnið gæti við hlið hinna faglærðu.

Um 2. gr.

Tekið er fram að ákvæði greinarinnar og þar með lagafrumvarpsins í heild miðist við nám sem kostað er af almannafé. Hvorki er æskilegt né réttlætanlegt að leggja sérstakar skipulagskvaðir á ýmiss konar frjálst nám og fræðslustarfsemi sem ríki og sveitarfélög bera ekki fjárhagslega ábyrgð á þótt þau kynnu að styrkja hana að einhverju marki. Um starfsnám, sem e.t.v. yrði kostað af vinnuveitendum að hluta, mundu settar sérstakar reglur í samræmi við 9. og 12. gr. þessara laga.

Um 3. gr.

Hér eru nefnd meginmarkmið laganna, þ.e. að jafna aðstöðu fólks bæði, ungmenna og fullorðinna, til náms.

Í jafndreifbýlu landi og Íslandi ber nauðsyn til að gera sérstakar ráðstafanir til að létta þeim námsöflun sem strjált búa.

Það er alkunna að fullorðnir vinna langan vinnudag og bera margir þungar fjárhagslegar byrðar hér á landi. Frá ábyrgð og skyldum getur fólk ekki hlaupið og þær verða því oft fjötur um fót þegar náms skal aflað til að bæta afkomu og lífsaðstöðu. Þennan vítahring, sem margir eru í, þarf að rjúfa.

Fjölmargar aðrar ástæður geta legið til þess að fjarnám er eina færa leiðin fyrir þá sem búa við t.d. skerta ferligetu, stunda vaktavinnu eða eru bundnir yfir börnum eða sjúklingum.

Í annan stað er það markmið laganna að efla og samhæfa þá mörgu tiltæku miðla sem lítt eða ekki eru nýttir til skipulagðs náms og fræðslu í landinu.

Í greininni er það nýmæli að rætt er um *fræðslustöðvar*. Þar er átt við það að í hverju fræðsluumdæmi þarf að vera ein stöð sem þeir, er fjarnám stunda, geta leitað til og fengið leiðsögn og nýtt kennslugögn og tæki. Fræðslustöðin væri best komin í nánnum tengslum við kennslugagnamiðstöðvar þær sem koma þarf upp í fræðsluumdæmum en á meðan slíkar kennslugagnamiðstöðvar eru ekki til væru fræðslustöðvar fjarnáms í tengslum við fræðslustjóra hvers umdæmis.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um það grundvallaratriði að allir þeir, sem eru ofar skólaskyldaldri, eigi rétt á þátttöku í fjarnámi. Einnig það, sem áður hefur verið nefnt, að nemendur á skólaskyldaldri eigi að geta stundað fjarnám í stað eða jafnhliða almennu skólanámi sé það hagkvæmt eða nauðsynlegt.

Um 5.–7. gr.

Í greinum þessum er fjallað um nám, námsefni og miðlun fræðslunnar. Námið á að mestu að fara fram í heimahúsum en gert er ráð fyrir að í hverju fræðsluumdæmi sé a.m.k. ein fræðslustöð sem nemendur geta sótt til með vissu millibili og fengið leiðbeiningar og afnot af kennslugögnum og tækjum. Einnig er gert ráð fyrir að haldin verði stutt námskeið í stöðvunum og heimavistarskólum eða á öðrum stöðum sem hæfa, til að veita beina kennslu og örva og efla sjálfsnámið. Námssefni verður að vera það sem á hverjum tíma reynist nauðsynlegt en reynslan hefur sýnt að mest þörf muni verða á fræðslu í þeim fögum sem nefnd eru í 6. gr. Það er einnig ljóst að í boði þarf að vera námsefni frá byrjunarstigum upp til stúdentsprófs.

Um námsefni ófaglærðs fólks er það að segja að vinda þarf bráðan bug að samantekt þess og mundi það verða í verkahring starfsfólks fjarnáms í samvinnu við þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta, sbr. 9. og 12. gr.

Á síðustu árum hafa komið til sögu æ fleiri náms- og fræðslumiðlar og eru þeir helstu nefndir í 7. gr. Öflugusta fræðslan fer þó fram frá leiðbeinanda til nemanda og er því

mikilvægt að í fræðslustöðvum sé starfsmaður með góða almenna kennaramenntun og að til námskeiðanna veljist hinir hæfustu kennarar. En á námskeiðunum mundu m.a. fara fram tilraunir í raungreinum og talæfingar í tungumálum.

Um 8. gr.

Próf og kunnáttukannanir yrðu með sama hætti og fræðslan, með heimaverkefnum og prófum á námskeiðsstöðum eða í skólum eftir því sem handhægast þætti.

Í greininni er kveðið á um það sjálfsgæða atriði að námsmat frá fjarnámi ríkisins skuli vera janfgilt námsmati hins almenna skólakerfis, enda ættu nemendur með slíkt námsmat rétt á inngöngu í skóla til jafns við nemendur úr hinu almenna skólakerfi. Telja verður eðlilegt að námsmat úr starfsnámi verði hægt að telja til stiga eða punkta til jafns við valgreinar á framhaldsskólastigi.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um að yfirstjórn fjarnáms ríkisins sé í höndum menntamálaráðuneytisins en að ráðuneytinu beri að hafa sem víðtækast samráð við þá sem hagsmuna hafa að gæta. Þar er m.a. um að ræða sveitarfélög og verkalýðsfélög, svo og ýmsa þá sem miðlun fræðslunnar munu annast og er líklegt að nauðsyn beri til að setja á stofn samstarfs- og samráðsnefndir um stjórn og framkvæmd.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um starfslið fjarnáms ríkisins. Í miðstöð fjarnáms yrðu starfandi fjarnámsstjóri og fagstjórar auk aðstoðarfólks en í fræðslustöðvum yrðu einn eða fleiri leiðbeinendur eftir því sem þörf leiðir í ljós.

Miðstöð fjarnáms yrði komið fyrir í námunda við Námsgagnastofnun ríkisins og ætti náíð samstarf við hana, svo og aðra sem miðla mundu fræðsluefni.

Fræðslustöðvar yrðu a.m.k ein í hverju fræðsluumdæmi og væri komið fyrir eins og sagt er í athugasemdum við 3. grein.

Auk þess starfsfólks, sem nefnt hefur verið, er líklegt að lausráða þurfi kennara til að kenna á námskeiðum sem haldin yrðu úti um land.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um að kostnaður við fjarnám ríkisins sé greiddur á sama hátt og við almennt skólahald grunn- og framhaldsskóla. Um kostnað hljóðvarps og sjónvarps þurfa að koma til þær reglur sem um útsendingu annarra dagskrárliða gilda. Um kostnað við gerð námsefnis starfsnáms og kennslu á þeim vettvangi þyrfti að setja sérstök reglugerðarákvæði unnin í samvinnu fulltrúa ríkisins, stéttarfélaga og vinnuveitenda.

Um 12. gr.

Líklegt er að setja verði a.m.k. tvær reglugerðir er varða fjarnám ríkisins, aðra um nám sem hliðstætt teldist almennu skólanámi, hina um starfsnám.

Um 13. gr.

Þó að lög þessi hafi að geyma nýmæli er auðvelt að hrinda þeim í framkvæmd og 5 ára undirbúningstími ætti því að vera yfrið nægur.

Um 14. gr.

Greinin kveður á um endurskoðun laganna eftir 5 ára starfsemi fjarnáms ríkisins og hlýtur það að teljast sjálfsgætt og nauðsynlegt um nýmæli sem þessi.